

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2018, þriðjudaginn 13. febrúar var haldinn 147. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og hófst kl. 17:04. Viðstödd voru Sigurður Hólm Gunnarsson formaður, Elísabet Gísladóttir og Ólafur Kr. Guðmundsson. Einnig sátu fundinn, Trausti Harðarsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina, Stefán Garðarsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis og Hjördís Björg Kristinsdóttir áheyrnarfulltrúi Korpúlfa. Ásamt þeim sátu Ingibjörg Sigurbórsdóttir framkvæmdastjóri Miðgarðs, Margrét Richter deildarstjóri stoðþjónustu- og rekstrar hjá Miðgarði og Sara Ósk Rodríguez Svönudóttir verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Korpúlfum vegna bílastæðis við Hallsteinsgarð, dags. 10. febrúar 2018.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
2. Lagðar fram kvartanir frá íbúum vegna breytingar á strætóleiðum 6 og 7.
Samþykkt að vísa kvörtunum íbúa til Strætó bs. Einnig samþykkir hverfisráðið að óska eftir því að fulltrúi Strætó komi á næsta fund og ræði breytingar á þessum liðum.
- Kl. 17:08 tekur Guðbrandur Guðmundsson sæti á fundinum.
3. Fram fer umræða um innbrotafaraldur í Grafarvogi fer fram.

Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfirlögreglustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Lögð fram styrkbeiðni frá skákdeild Fjölnis.
Frestað.
5. Lögð fram útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 13. desember 2017, varðandi Bryggjuhverfi vestur, svæði 4.

Áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis leggur fram svohljóðandi bókun:

Bryggjuráð, stjórn íbúasamtaka Bryggjuhverfisins, sendir frá sér eftirfarandi ályktun um deiliskipulagstillögu vegna Bryggjuhverfis vestur, svæðis 4, sem verið hefur í kynningu síðan 5. janúar síðastliðinn: Bílastæðamálum á mörkum hins nýja reits og hverfisins sem fyrir er. Rétt er að fjölga fyrirætluðum bílastæðum þar. Nú þegar er þröng á þingi á bílastæðum við Naustabryggju og Tangabryggju. Þetta er síðasta tækifærið sem gefst til að bæta úr því ástandi.

Áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis leggur fram svohljóðandi bókun:

Bryggjuráð, stjórn íbúasamtaka Bryggjuhverfisins, sendir frá sér eftirfarandi ályktun um deiliskipulagstillögu vegna Bryggjuhverfis vestur, svæðis 4, sem verið hefur í kynningu síðan 5. janúar síðastliðinn: Flæði hvers kyns umferðar innan Bryggjuhverfisins sem heildar. Hinn eldri hluti Bryggjuhverfisins og hið nýja svæði ættu að virka sem ein heild, afmörkuð af sjó til norðurs og Ártúnshöfða til suðurs. Bryggjuráð ítrekar óskir sínar og hverfisráðs Grafarvogs um að gerð verði úttekt á umferðarmálum í eldri hluta hverfisins, með tilliti til umferðarflæðis, götulokana og öryggismála sem því tengjast. Á 143. fundi hverfisráðsins, þriðjudaginn 17. október 2017 var gerð svofelld bókun: Síðan þá hefur ekkert gerst í málinu. Brýnt er að tekið verði á þessu af festu

Áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis leggur fram svohljóðandi bókun:

Bryggjuráð, stjórn íbúasamtaka Bryggjuhverfisins, sendir frá sér eftirfarandi ályktun um deiliskipulagstillögu vegna Bryggjuhverfis vestur, svæðis 4, sem verið hefur í kynningu síðan 5. janúar síðastliðinn. Nafngift fyrirhugaðs Bryggjutorgs við enda Breiðhöfða. Nú þegar er í Bryggjuhverfinu torg sem nefnist Bryggjutorg. Það ber nafn með rentu, enda við sjálfa smábátahöfnina sem skilgreinir hverfið. Gera þarf meira fyrir það torg, frekar en að láta það gleymast í skugga nýs torgs með sama nafn.

Áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis leggur fram svohljóðandi bókun:

Bryggjuráð, stjórn íbúasamtaka Bryggjuhverfisins, sendir frá sér eftirfarandi ályktun um deiliskipulagstillögu vegna Bryggjuhverfis vestur, svæðis 4, sem verið hefur í kynningu síðan 5. janúar síðastliðinn: Síló Björgunar hf., sem skv. tillögunni á að endurnýta undir atvinnuhúsnæði af einhverju tagi. Áframhaldandi vera sílóanna á núverandi stað gengur gegn hönnun skipulagsins að öðru leyti. Skipulagið miðar við að byggingar séu tiltölulega lágreistar syðst á svæðinu en hækki til norðurs. Þannig megi fanga sem mest sólarljós úr suðri og brjóta vind úr norðri. Sílóin yrðu líklega hæstu byggingar svæðisins, alveg syðst. Þær myndu því varpa skugga yfir byggðina, íbúum til ama. Þá er það álit Bryggjuráðs að sögulegt og fagurfræðilegt verndargildi sílóanna sé ekkert. Vert er að taka fram að Bryggjuráð hefur ekki framkvæmt formlega skoðanakönnun meðal íbúa á þessu máli, en að óformleg athugun í hópi íbúa bendir til þess að mikill meirihluti þeirra vilji sílóin burt.

6. Lögð fram til útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs, dags., 10. janúar 2018, varðandi breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur vegna efnavinnslusvæðis í Álfsnesvík.
7. Lögð fram til útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. janúar 2018, varðandi breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur – Miðborgin.
8. Lögð fram styrkbeiðni vegna barnaþings. Frestað.
9. Fram fer umræða um dagsetningu fyrir Grafarvogsdaginn. Samþykkt að Grafarvogsdagur verði haldinn sunnudaginn 3. júní 2018.
10. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnadafulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Hverfisráð Grafarvogs leitar til borgarráðs að hefja hönnun og svo framkvæmd á undirgöngum undir Strandveg, á miðju milli Hallsveg og Rimaflatar að Frístundasvæðinu við Gufunesbæ. Nánst öll börn í Grafarvogi, fjölskyldur þess og svo skipulagt starf skóla og frístundar sækja gangandi að Frístundasvæðinu en Strandvegur er mjög erfiður til yfirferðar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Frestað

Fundi slitið kl. 18:32

Sigurður Hólm Gunnarsson

Elísabet Gísladóttir
Ólafur Kr. Guðmundsson

Guðbrandur Guðmundsson